

*Tollflokkun á sjálfvirkum myndbandaleigum

Úrskurður nr. 7/2000.

Kærandi málsins kærir niðurstöður í “Bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru” en þar tollflokkar tollstjóri sjálfvirkar myndbandaleigur sem sjálfvirkar söluvélar. Kærandi telur að flokka beri vélarnar sem tölvur. Ríkistollanefnd staðfesti tollflokkun tollstjóra.

Lög nr. 55/1987 101. gr.

Með bréfi, dags. 14. júlí s.l. framsendi tollstjóri kæru M til ríkistollanefndar, þar sem kærð er niðurstaða sem embætti tollstjóra gaf fyrirtækinu með “Bindandi upplýsingum um tollflokkun vöru” nr. 0000051, um tollflokkun á sjálfvirkum myndbandaleigum í tnr. 8476.8900. Í kæru sinni til nefndarinnar segir kærandi m.a. að þessari niðurstöðu tollstjóra vilji hann andæfa. Hér sé um að ræða tæki þar sem blandað sé saman tölvutækni og róbótafræðum og útkoman verði mikið tækniundur, sem leigir út myndir og tekur á móti þeim aftur, sjái um samskipti við bankakerfið og skrifstofu o.þ.h. Það sé því mikill munur á þessu tæki og t.d. sjálfsala, sem afgreiðir gosdrykki eða sælgæti en undir þann flokk tollflokki tollstjóri tækið. Kærandi gerir kröfur um að tækið verði tollflokkað eins og tölvur.

Ríkistollstjóra var send kæran til umsagnar með bréfi þann 9. ágúst s.l. Í kröfugerð embættisins sem barst nefndinni þann 24. s.m. segir m.a. að við flokkun vöru í tollskrá beri að fara eftir túlkunarreglum hennar og þá fyrst og fremst þeirri fyrstu sem hljóðar svo: “Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka og kafla og brjóti það ekki í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum:”.

Báðir vöruliðirnir sem nefndir eru, þ.e. 8471 og 8476, tilheyra flokki XVI. Athugasemd 4. við þann flokk hljóðar svo: “Sé vél (þar með taldar samsettar vélar) gerð úr sjálfstæðum hlutum (hvort sem þeir eru aðskildir eða tengdir með pípum, tengslum, rafmagnsköplum eða öðrum búnaði), sem ætlað er sameiginlega að framkvæma skýrt skilgreint verkatriði sem einn af vöruliðum 84. eða 85, kafla taka til, skal hún í heild flokkast undir þann vörulið sem höfðar til þess verkatriðis”. Athugasemd 5. E. við 84. kafla skýrir enn frekar flokkun vélbúnaðar sem vinnur í tengslum við tölvu, en hún hljóðar svo: “Vélar sem framkvæma tiltekið verkatriði annað en gagnavinnslu og fela í sér eða vinna í tengslum við sjálfvirka gagnavinnsluvél skulu flokkaðar í viðeigandi vörulið með tilliti til verkatriðis þeirra eða, verði því ekki komið við, í lokavöruliði.”

Eins og fyrr segi samanstandi myndbandaleigan af tölvubúnaði, sjálfvirkum vélbúnaði, símabúnaði og kortalesara sem sé sambyggt í einn skáp. Ríkistollstjóri lítur svo á að hér sé um að ræða búnað sem vinnur í tengslum við tölvu sem sameiginlega er ætlað að framkvæma skýrt tilgreint verkatriði, þ.e. afhenda vöru gegn gjaldi, sem vöruliður 8476 tekur til. Sjálfvirk myndbandaleiga skuli því flokkast í tnr. 8476.8900 samkvæmt 1. almennu túlkunarreglu tollskrár, og athugasemd 4. við XVI. flokk og athugasemd 5. E. við 84. kafla.

Með vísan í ofanritað og forsendur hinnar kærðu ákvörðunar er þess krafist að hún verði staðfest.

Kæranda var send kröfugerð ríkistollstjóra til umsagnar. Með bréfi sem barst nefndinni þann 4. september 2000 ítrekar kærandi fyrri kröfur. Hann telur að tækin hafi miklu meiri samsvörun til tölva og eigi því að tollflokkað í 8471.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og farið yfir þau gögn sem lögð hafa verið fram. Þá hefur búnaðurinn verið skoðaður af ríkistollanefnd. Tollstjóri ákvarðar að sjálfvirk tölvustýrð myndbandaleiga flokkist í tnr. 8476.8900. Kærandi telur að varan eigi að flokkast eins og tölvur í tnr. 8471.

Búnaðurinn samanstandur af PC tölvubúnaði: PC tölvu, snertiskjá, mús, lyklaborði; kortalesara, iðntölvu, stýringum fyrir skrefmótora, rekkum með myndbandsspólum, spennni, liðum og færslubúnaði sem skrefmótorar drífa og framstykki. Búnaðinum er í aðalatriðum stýrt með forriti í PC tölvunni. Hugbúnaðurinn heldur utan um útleigð myndbönd, staðsetningu myndbanda í rekka, ráðstafar myndböndum, hefur samskipti við banka vegna kortaviðskipta og samskipti við rekstraraðila. Búnaðurinn hefur einnig samskipti við iðntölvuna sem stjórnar, í gengum “skrefmótorstýringar”, tveimur skrefmótorum sem drífa X, Y arm sem sækir myndbönd í rekkann sem settur er upp í “matrixu”. Þá er búnaður sem opnar og lokar lúgu fyrir myndböndin og er sá búnaður útbúinn með ljósnæmum skynjara sem skynjar tilvist myndbandsins við lúguna. Búnaðurinn les af segulrönd greiðslukorts, gjaldfærir kortið, sækir valið myndband og færir út í gegnum lúguna. Búnaðurinn tekur einnig við myndböndum sem er skilað og les af korti leigutaka og gjaldfærir ef myndbandinu er skilað of seint, setur myndbandið í rekkann og hugbúnaðurinn skráir nýja staðsetningu þess. Búnaðurinn er því sjálfvirk leiga sem bæði afhendir og tekur við hinni útleigðu vöru.

Með vísan til þess sem hér að framan hefur verið rakið, rökstuðnings tollstjóra og ríkistollstjóra kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum, og með vísan til almennra reglna um túlkun tollskrár, liðar 1, úrskurðar ríkistollanefnd að hin kærða niðurstaða tollstjóra um tollflokkun á sjálfvirkri tölvustýrðri myndbandaleigu í tnr. 8476.8900 sem sett var fram í “Bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru” nr. 0000051. frá 30. maí 2000 skuli standa óbreytt.